



# Arctic Spas ábyrgð

## Lífstíðarábyrgð á skelinni

Arctic Spas ábyrgist skelina gagnvart viðskiptavininum fyrir vatnstapi sem hlýst af hönnunargalla svo lengi sem potturinn er í eigu upphaflega viðskiptavinarins.

## Fimm ára ábyrgð á búnaði og vatnsrörum

Arctic Spas ábyrgist íhluti á rafbúnaðinum í pottinum, sér í lagi mótórin eða mótórana (Vinsamlegast vísið til nákvæmrar ábyrgðar á mótörnum aftan á þar sem stendur „Detailed Pump Warranty“), Peak I og Peak II Therapy loftkerfinu, Super Jet RossExhaust, Ultimate Lighting stýribúnaðinum, hitakerfinu (þar á meðal Tru-Guard hitaranum) og stjórnerfinu fyrir bilunum sem stafa af efnisgöllum eða frágangi til fimm ára gagnvart upphaflega viðskiptavininum frá afhendingardegi. Þessi ábyrgð nær yfir alla íhluti og viðgerðir á staðnum.

## Fimm ára ábyrgð á öðrum íhlutum

Arctic Spas ábyrgist rofa, ljós (blá LED ljós, Northern Lights), Ultimate lighting LED ljós, þráðlausu internet-tenginguna, nuddstúta\*\*, efsta yfirborð á stýribúnaði, siukórfur og tappa, yfirborðsklemmur úr plasti, netíhluti, streymiskrana og hettur, stýriloftskrani og hettur, yfirborðshettur úr plasti, krómstillingar til fimm ára gagnvart upphaflega viðskiptavininum frá upprunalega afhendingardegi. Ábyrgðin nær eingöngu yfir íhluti sem þarfnast viðgerðar, ekki vinnu.

\*\* Arctic Spas ábyrgðist ekki nuddstútana (þar á meðal Titanium-nuddstúta) fyrir aflitun og ryði.

## Fimm ára ábyrgð á yfirborði á skelinni

Arctic Spas ábyrgist yfirborðið á skelinni gagnvart viðskiptavininum fyrir vatnstapi sem hlýst af efnisgöllum þar á meðal sprungum, blöðrum, flögnun og klöfnuðum lögum til fimm ára gagnvart upphaflega viðskiptavininum frá upphaflega afhendingardegi. Ábyrgðin nær yfir íhluti og viðgerðir á staðnum.

## Fimm ára ábyrgð á FLEX-hliðum

Arctic Spas ábyrgist að FLEXhliðarnar sé lausar við ágalla á efni og frágangi gagnvart upphaflega viðskiptavininum til fimm ára frá upphaflega afhendingardegi. Ábyrgðin nær einungis yfir íhluti sem þarfnast viðgerðar. Skrámur, einnig aflitun og veðrun af völdum sólarljóss á lögum FLEXhliðanna teljast til venjulegs slits og tekur ábyrgðin ekki þessara atriða.

## Þriggja ára ábyrgð á loki

Arctic Spas ábyrgist Castcore-lokið fyrir bilunum sem hljótast af efnisgöllum og frágangi til þriggja ára gagnvart upphaflega viðskiptavininum frá upphaflega afhendingardegi. Nær ábyrgðin yfir íhluti sem útvega þarf vegna viðgerða (Ábyrgðin tekur ekki til venjulegs slits sem verður þegar lokinu er lyft með handfangi og telst slit á saumum til venjulegs slits við þessar aðstæður.

## Tveggja ára ábyrgð á Onzen-kerfinu

Arctic Spas ábyrgist Onzen saltvatnskerfið úr verksmiðjunni fyrir bilunum sem hljótast af efnisgöllum eða frágangi til þriggja ára gagnvart upphaflega viðskiptavininum frá upphaflega afhendingardegi. Þessi ábyrgð nær yfir íhluti og nauðsynlegar viðgerðar á staðnum. Sérstaklega er tekið fram að ábyrgðin nær ekki yfir skemmdir sem hljótast af ójafnvægi í vatni. \* Sjá Onzen-leiðarvísinn um hvernig stýra eigi kerfinu.

## Þriggja ára ábyrgð á Aquatremor-hljóðkerfinu

Arctic Spas ábyrgist Aquatremor Bluetooth hljóðkerfið úr verksmiðjunni fyrir bilunum sem hljótast af efnisgöllum eða frágangi til þriggja ára gagnvart upphaflega viðskiptavininum frá upphaflega afhendingardegi. Ábyrgðin nær yfir íhluti og nauðsynlegar viðgerðir á staðnum. Ipod-tækið og vatnshelta boxið eru í ábyrgð hjá hlutaðeigandi framleiðendum Aquatremor. Deluxe hátalararnir sem skjótast upp eru í ábyrgð fyrir efnisgöllum og frágangi til eins árs.

## Eins árs ábyrgð á WetTunes

Arctic Spas ábyrgist WetTunes Bluetooth hljóðkerfið úr verksmiðjunni fyrir bilunum sem hljótast af efnisgöllum eða frágangi til eins árs gagnvart upphaflegum viðskiptavini frá upphaflega afhendingardegi. Ábyrgðin nær yfir íhluti og nauðsynlegar viðgerðir á staðnum. Ipod og vatnshelta boxið eru í ábyrgð hjá upprunalega framleiðandanum.

## Fimm ára ábyrgð á Forever Floor undirlaginu

Arctic Spas ábyrgist Forever Floor undirlagið fyrir rotnun og sprungum sem hljótast af hönnunargalla til fimm ára gagnvart upphaflega viðskiptavininum frá upphaflega afhendingardegi. Ábyrgðin nær yfir íhluti og nauðsynlegar viðgerðir á staðnum.

## Eins árs ábyrgð á Arctic Chiller

Arctic Spas ábyrgist Arctic Chiller-kerfið fyrir bilunum sem hljótast af hönnunargalla eða frágangi til eins árs gagnvart upphaflega viðskiptavininum frá upphaflega afhendingardegi. Ábyrgðin nær yfir íhluti sem nauðsynlegir eru til viðgerðar

123certificates

Arctic Spas ábyrgist þessa vöru einvörðungu gagnvart upphaflega viðskiptavininum sem kaupir Arctic Spa pott og lætur viðurkennda Arctic Spa-sala setja hann upp innan firm eða sex ára frá framleiðsludegi hvort sem kemur fyrst. Í þessu skjali á orðið „viðskiptavinur“ við upprunalega kaupandi pottarins.

#### Nákvæm ábyrgð á mótör

Mótörinn/mótörarnir er/eru í ábyrgð fyrir efnisgöllum og göllum á íhlutum. Öxulpéttrinn á mótörnum er í ábyrgð. Ábyrgðin nær ekki yfir skemmdir sem hljótast af vanrækslu á lekandi öxulpétti. Á þetta við um en einskorðast ekki við klemmdar legur, óvirka endabjöllur, óvirkan rástakka, skemmt dæluhljól og bilaðan pætti. Það er á ábyrgð viðskiptavinarins að tilkynna bilun á öxulpétti áður en frekari skemmdir hljótast af. Bilun á íhlut í mótör sem ákvarðað er að hlotist hafi af efnisgalla verður bætt eins og kveðið er á um í ábyrgðinni. Arctic Spas áskilur sér rétt til að skipta um íhlut í mótör frekar en allan mótörinn. Ábyrgðin nær ekki yfir títungssuð sem tengist venjulegu mótörhljóði.

#### Framkvæmd

Til að fá þjónustu ef bilun eða gangtruflun fellur undir þessa ábyrgð, gerir umboðssala Arctic Spa viðvar um leið og auðið er og leiðið allra leiða til að verka pottinn fyrir frekari skemmdum. Þegar staðfestingu á kaupunum hefur verið lögð fram, lagfærir umboðssali Arctic Spas eða tilnefndur þjónustuaðili gallann sem fellur undir skilmála og skilyrði í þessari ábyrgð. Við kröfum, sem búið er að samþykktja, verður að bregðast innan tveggja mánaða eftir að krafan hefur verið samþykkt. Allar kröfur renna út um leið og ábyrgðin. \* Vinsamlegast takið eftir að litid er svo á að notandinn geti verið leka á samskeytum og slíkir lekar eru sérstaklega undanþegnir í ábyrgðinni. Viðgerðir á staðnum eru viðskiptavininum að endurgjaldslausu til fimm ára frá upphaflega afhendingardegi eða til sex ára frá framleiðsludegi, hvort sem kemur á undan. Sér í lagi tekur ábyrgðin til búnaðar, lagna og flatarins á skelinni vegna galla sem hljótast af efni eða frágangi. Ferðakostnaður er á ábyrgð viðskiptavinar. Ábyrgðin nær yfir þjónustu- og/eða ferðakostnað fyrstu þrjátíu dagana sem potturinn er í eigu viðskiptavinarins og í allt að hundradó kilometra hámarksvegalengd frá umboðssöluinni eða tilgreindum þjónustuaðila. Komist Arctic Spas að þeirri niðurstöðu að viðgerð á galla undir ábyrgð sé ekki fýsileg áskiljum við okkur rétt til að útvega annan pott að sama verðgildi í staðinn fyrir gallaða pottinn. Nýjum pottum er einvörðungu úthlutað að frumkvæði Arctic Spas. Viðskiptavinurinn ber sanngjarnan kostnað af að fjarlægja gallaða pottinn og á afhendingu og uppsetningu á nýja pottinum. Arctic Spas greiðir flutning frá Kanada til næsta dreifingaraðila.

#### Skilyrði fyrir ábyrgð

Allar ábyrgðir sem veittar eru samkvæmt þessum skilmála ná einungis til upphaflega viðskiptavinarins ef potturinn er keyptur og upphaflega settur upp innan marka þess lands þar sem potturinn var upphaflega keyptur. Allar ábyrgðir falla úr gildi um leið og potturinn rennur úr eigu upprunalegs viðskiptavinar. Þessi ábyrgð nær eingöngu yfir þjónustuvæðid þar sem potturinn var upphaflega settur upp. Ábyrgðin tekur ekki til kílómetragjalds vegna viðgerða eða sendingarkostnaðar sem söluaðili Arctic Spas eða þjónustufulltrúi metur. Öll vandkvæði sem ábyrgðin tekur til verður viðurkenndur söluaðili Arctic Spas að færa til betri vegar. Ábyrgðin tekur ekki til viðgerðakostnaðar hjá söluaðila sem ekki er viðurkenndur af framleiðanda. Til að fá þjónustu þarf viðskiptavinurinn að hafa samband við viðurkenndan söluaðila á sínum heimasíðum. Ef svo ber undir að potti eða íhlut þarf að skila til Arctic Spas dreifingarmíðstöðvar er allur sendingarkostnaður á ábyrgð viðskiptavinarins. Í öllum tilfellum ber Arctic Spas eitt sér ábyrgð á að ákvarða orsök og eðli bilunar á pottinum og er mat Arctic Spas þar að lútanda endanlegt.

#### Undantekningar

Allar ábyrgðir sem um getur í þessum samningi eru ógildar hafi pottinum verið breytt (þar á meðal með fylgihlutum) með misnotkun eða viðgerðum sem einhver annar en viðurkenndur söluaðili Arctic Spas hefur annast. Breytingar teljast en einskorðast ekki við breytingar á íhlutum, að skipt sé um íhlut eða íhlut bætt við án skriflegs samþykkis frá Arctic Spas. Til misnotkunar telst gáleysisleg notkun á pottinum, skemmdir sem hljótast af óviðeigandi eða ósamþykktum rafmangstengingum, notkun á pottinum sem ekki er í samræmi við leiðbeiningarnar í leiðarvísunum sem pottinum fylgir, þar á meðal að ræsa pottinn með röngum hætti, þurrka pottinn „þurstarta“ pottinum, notkun á pottinum eða íhlutum í tilgangi sem hann var ekki hannaður fyrir og skemmdum sem hljótast af óviðeigandi efnajafnvægi (þar á meðal skemmdum á íhlutum í pottinum, hrjóstri sem safnast upp út af ójafnvægi í vatni), ísingu á pottinum, ofhitun á pottinum eða vatninu í pottinum, skemmdum á yfirborði pottarins sem verða þegar óleyst hreinsiefni liggja á yfirborði pottarins eða ef potturinn okkar er notaður til útleigu eða í tekjuskyni. Ábyrgðin nær ekki til efnabruna eða aflutunar á lokinu Ábyrgðin nær ekki til vatnsskemmda á lokinu eða skemmdum sem hljótast af vatnsskemmdum. Ábyrgðin tekur ekki með nokkru móti til skemmda sem hljótast af misnotkun á lokinu. Litid er á skemmdir sem hljótast af að flytja pottinn eða setja hann upp á óviðeigandi hátt (þar á meðal á grunn sem ekki er næglega undirbúinn eða öjafn) sem misnotkun eða allar skemmdir á efni og frágangi á skápum og gólfu pottarins við flutning og meðferð eru sérstaklega undanskildar í samningnum.

Arctic Spas ber ekki ábyrgð á vandræðum sem stafa af orkuveitu eða óviðeigandi rafloögnum eða skemmdum og/eða ef potturinn virkar ekki vegna of háa eða lágs straums miðað við það sem kveðið er á um í leiðarvísunum. Arctic Spas ber ekki ábyrgð á að uppfæra hugbúnað og íhluti meðan potturinn endist.

Arctic Spas undanskilur sérstaklega frá ábyrgðinni sérhvert eftirfarandi atriði: Náttúruhamfarir þar á meðal en ekki eingöngu skemmdir sem hljótast af eldingum, stormi, flóðum, frosti, eldi og öðrum náttúruhamförum, potta sem settir eru upp til útleigu eða í ábataskyni, allar skemmdir og vandkvæði sem hljótast af óviðeigandi notkun á lokinu eða skemmdir á fleti skeljarinnar sé potturinn skilinn eftir opin utandyra án þess að lokið sé sett á. Hitinn sem kemur á pottinn er hann er skilinn eftir opin án loksins og baðaður í útfjöbláum geislum getur valdið yfirborðsskemmdum á akrýlinu og getur einnig valdið bjögum á plastinu, sum tengi geta lekið eða hætt að virka af þessum sökum. Ábyrgðin tekur ekki til þessara tilvika. Lokið á heita pottinum verður að geyma ofan á heita pottinum þegar hann er ekki í notkun.

Ábyrgðin nær ekki yfir rispur eða minniháttar skrámur á pottinum sem tilkynntar eru daginn eftir að potturinn er settur upp. Minniháttar skrámur eru skilgreindar sem lýti þar sem litlar, gljáandi línur sjást á yfirborðinu á sumum hitapöllum plastþynnum. Þetta fyrirbæri, þótt sjaldgæft sé, getur komið fyrir ymsar gerðir af efnun í plastþynnum. Yfirborðið á hitapöllum akrýlpottum er ekki ónæmt fyrir þessu.

Skemmdir sem hljótast af ósamþykktum hreinsiefnum svo sem triklor, sýrum, kalsíum hypoklóriti, sódíum hypoklóriti, peróxiti, öllum hreinsiefnum sem kunna að verða eftir óuppleyst á yfirborði pottarins. Öll hreinsikerfi sem notuð eru á pottinn verða að pottinn verði að vera samþykkt af framleiðanda áður en potturinn er settur upp eða ábyrgðin gengur úr gildi. Ef sett er upp saltkerfi sem ekki er samþykkt af framleiðanda fellur úr gildi sá hluti ábyrgðarinnar sem snýr að mótörpéttingum, málmlutum, nuddstútum o.s.frv. Ábyrgðin nær ekki yfir skemmdir sem hljótast af hlut eða hlutum sem festir eru við pottinn eða settir inn í hann, þar á meðal en ekki eingöngu garðskála, handföng á lokum og aukahluti úr sedrusviði. Allir hlutir eða aukahlutir sem ekki eru settir upp af framleiðanda falla ekki undir ábyrgðina. Ábyrgðin nær ekki yfir skemmdir sem hljótast af óviðunandi ráðstöfunum fyrir vetrargeymslu. Ábyrgðin tekur ekki til skemmda á höfuðpúða fram yfir afhendingardaginn. Höfuðpúða á að fjarlægja úr pottinum þegar þeir eru ekki í notkun. Onzen er eina saltkerfið sem framleiðandinn samþykkir. Ábyrgðin nær ekki til hluta sem fjarlægja eiga lokið. Litid er á Onzen-hleðsluna sem íhlut sem notandinn getur þjónustað sjálfur og ber viðskiptavinurinn sjálfur ábyrgð á að skipta um hana.

Arctic Spas undanskilur sérstaklega frá ábyrgðinni alla vinnu eða aðstoð í sambandi við internet WIFI/Bluetooth tenginguna, við Spa App ræsinguna og samband við snjallsíma eða aðstoð við að tengja einhver þessara tækja.

#### Undantekningar

Arctic Spas ber ekki ábyrgð á að viðskiptavinurinn geti ekki nýtt sér pottinn eða öðrum tilfallandi kostnaði eða skemmdum sem geta verið en einskorðast ekki við að fastur sölupallur sé fjarlægður, sólskáli, garðskáli eða aðrar áfastar smíðir eða kostnaði við að fá krana til að fjarlægja pottinn til viðgerðar eða skipa ta um pott. Arctic Spas ber ekki ábyrgð á kostnaði sem hlýst af völdum vatns, sluhylkja eða efna. Arctic Spas eða nokkur fulltrúi fyrirtækisins ber ekki undir nokkrum kringumstæðum ábyrgð á nokkrum meiðslum sem kunna að verða eða skemmdum á eignum hvernig svo sem það tengist pottinum. Ábyrgðir frá Arctic Spas takmarkast við þá hámarksupphæð sem Arctic Spas fær í sinn hlut við sölu á pottinum.

#### Allar ábyrgðir

Allar ábyrgðir sem hér er um getið veitir Arctic Spas viðskiptavininum og að því marki sem lög heimila. Er á ábyrgð viðskiptavinar að skrásetja ábyrgðina (innan 30 daga frá afhendingu) og er það skilyrði fyrir að ábyrgðin taki gildi. Skráning á ábyrgð (innan 30 daga eftir afhendingu) er á ábyrgð viðskiptavinar og er skilyrði fyrir ábyrgðinni. (Vinsamlegast farið eftir leiðbeiningunum á skráningarformi sem fylgir pottinum eða skráði pottinn á [www.arcticspas.com](http://www.arcticspas.com)). Þessi ábyrgð er boðinn sem hlunnindi til viðbótar og veitir ekki lagaleg réttindi. Allar ábyrgðir sem hér er um getið fela í sér að ábyrgðin sé send til Arctic Spas innan tíu daga frá því að vart verður gallsans, og verður upphaflega kvittum viðskiptavinarins að fylgja til staðfestingar á kaupnum og dagsetningin á kaupnum að koma fram. Allar ábyrgðir þarf að leggja fram innan ábyrgðartímabilsins. Sé ábyrgðum ekki framvísað innan þessa tímabils eða með þar að lútanda upplýsingum falla allar ábyrgðir sem hér er um getið úr gildi. Arctic Spas áskilur sér rétt til að gera viðeigandi mat áður en upphæð ábyrgðarinnar er ákvörðuð. Fari svo að viðskiptavinurinn geti annaðhvort ekki fengið íhluti eða viðunandi þjónustu hjá gildum umboðsaðila fyrir Arctic Spas ber að láta þjónustudeildina hjá umboðsaðilinum þar sem potturinn var keyptur og Arctic Spas vita undir eins.